

24

31. marz

L Ö G

um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948,
um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. desember 1950, að breyttri 30. grein laganna, sem orðast svo:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

- a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
- b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1950.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

25

31. marz

L Ö G

um framlengingu á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgða-
fjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.